

Þorgerður Anna Björnsdóttir, kínverskukennari og sjálfstætt starfandi fræðimaður.

Þorgerður Anna starfar sem kínverskukennari og verkefnastjóri hjá Konfúsíusarstofnuninni Norðurljós við Háskóla Íslands. Þar sinnir hún einkum kínverskukennslu á grunnskólastigi og menningarmiðlun. Hún hefur tekið á móti fjölda kínverskra sendinefnda er heimsækja Ísland, ýmist fyrir hönd Konfúsíusarstofnunar eða Kínversk-íslenska menningarfélagsins.

Samhliða störfum sínum fæst Þorgerður Anna við rannsóknir og skrif um samskiptasögu Íslands og Kína. Hún hefur flutt fyrirlestra um rannsóknarefni sín og birt grein um þýðingasögu íslenskra og kínverskra bókmennta í Milli mála, ritrýndu veftímariti Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Þá hefur hún kennt íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands og tekið þátt í þróun kennsluvefsins Icelandic Online – börn, sem opnaði í apríl 2023.

Menntun

2001-2005 Nám til stúdentsprófs af málabraut, Menntaskólinn á Akureyri.

2006-2012 BA-gráður í almennum málvísindum og kínverskum fræðum, Háskóli Íslands.

2009-2010 Skiptinám í kínversku, Nanjing University í Kína.

2015-2016 MA-nám í umhverfis- og auðlindafræði, Háskóli Íslands.